



VINNUHÓPUR ÍSÍ UM GÓÐA STJÓRNARHÆTTI

Viðauki II - Minnisblað um reglugerðir ÍSÍ

Vinnuhópi ÍSÍ um góða stjórnarhætti var falið það hlutverk í kjölfar Íþróttapings 2023 að yfirfara regluverk ÍSÍ með tilliti til góðra stjórnarháttanna. Hluti af því verkefni var að yfirfara reglugerðir sambandsins og skoða hvort þær standist viðmið um góða stjórnarhætti. Eftirfarandi eru athugasemdir vinnuhópsins við reglugerðir ÍSÍ með tilliti til góðra stjórnarháttanna, þ.e. gagnsæis, lýðræðis, áreiðanleika og samfélagslegrar ábyrgðar.

Reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við reglugerðina.

- Stjórn Afrekssjóðs á ekki að hafa pólitískt vald heldur setja skýrar og gagnsæjar reglur um útreikning úthlutana sem endurspegla Afrekss stefnu sem samþykkt er á Íþróttapingi og ákvarðanir framkvæmdastjórnar sem fer með æðsta vald ÍSÍ milli Íþróttapinga.
- Reglugerðin skal tryggja fyrirsjáanleika í úthlutun að því marki sem unnt er og að ákvarðanir séu teknar á hlutlægum grundvelli.
- Auka þarf gagnsæi við skipan stjórnarmanna Afrekssjóðs. Æskilegt er að setja hæfisskilyrði í reglugerðina sjálfa. *Einstaklingar í stjórn Afrekssjóðs mega ekki sitja í stjórnnum, nefndum eða ráðum hjá ÍSÍ eða sérsamböndum, né vera í launuðu starfi hjá þessum aðilum. Þeir skulu vera sjálfstæðir í störfum sínum, óháðir og starfa í þágu íþróttahreyfingarinnar allrar. Stjórnarmenn gæta sjálfir að hæfi sínu við störf sín.*
- Í 9. gr. reglugerðar um Afrekssjóð kemur fram að framkvæmdastjórn hafi eftirlit með störfum Afrekssjóðs. Æskilegt að skýra nánar hvað felst í þessu eftirliti til að tryggja gagnsæi.
- Í reglugerðinni kemur fram að formaður afreksráðs megi sitja fundi stjórnar Afrekssjóðs. Hins vegar kemur hvergi fram hvert hlutverk afreksráðs er, hvorki í reglugerðinni, lögum ÍSÍ eða á heimasíðu sambandsins.
- Til að stuðla að réttlæti, gagnsæi og ábyrgð í ákvörðunarferli sambandsins er lagt til að stjórn Afrekssjóðs kynni drög að úthlutun og þar sem umsækjendum er gefinn viku (eða lengri) frestur til að gera athugasemdir við tillöguna. Stjórn Afrekssjóðs kynnir svo lokaákvörðun sína sem er kæránleg til framkvæmdastjórnar. Aðeins þeir sem gerðu athugasemdir við drög að úthlutun hafa kærurétt. Þeir sem ekki gerðu athugasemdir við úthlutun á athugasemdatímabili hafa fyrirgert rétti sínum til að kæra niðurstöðu.
- Umsóknargögn og niðurstöður skulu vera aðgengilegar öðrum umsækjendum. Þetta er mikilvægt til að tryggja gagnsæi við ákvörðun um úthlutun.
- Auglýsing um umsóknir í sjóðinn skal var skýr og opinber svo umsækjendur geti skilað sem bestri umsókn.





- Taka má út 3. mgr. 2. gr. þar sem fyrri hluti hennar kemur fram í 2. mgr. og sjóðurinn fer ekki með það hlutverk sem fram kemur í seinni hlutanum.

Reglugerð um Ólympíuakademíu ÍSÍ

Vinnuhópur um góða stjórnarhætti leggur til að umrædd reglugerð verð felld niður. Samkvæmt reglugerðinni fer fræðslu- og almenningsíþróttasvið ÍSÍ fer með verkefnið og ætti að vera hægt að koma því fyrir í starfslýsingu starfsmanna sviðsins í stað þess að hafa um það sérstaka reglugerð. Reglugerðin er efnislega rýr og ekki séð að sérstök þörf sé á henni. Sé ekki unnt að fella reglugerðina úr gildi vegna skuldbindinga á grundvelli Ólympíusáttmálans er lagt til að reglugerðin verði tekin til endurskoðunar.

Reglugerð um verkefnasjóð.

Vinnuhópur um góða stjórnarhætti leggur til að reglugerðin verði felld niður. Reglugerðina skortir gagnsæi, óljóst er hvaða verkefni geta fengið styrk úr sjóðnum og hvaða fjármagn hann hefur til að deila út. Verkferlar varðandi ákvarðanir eru ekki skýrir eða hvernig og hvenær skal auglýsa eftir umsóknum.

Móta- og keppendareglur

Reglurnar eru frá árinu 2001 og þarfnast mikillar endurskoðunar. Skoða skal hvort fella skuli reglugerðina niður og fela hverju sérsambandi að setja sínar eigin reglur, mögulega á grundvelli viðmiða frá ÍSÍ.

Reglugerð um félaga, iðkenda- og keppendatal

Reglur frá árinu 1998. Engar ábendingar þar sem ekkert er í reglunum sem varðar góða stjórnarhætti.

Reglugerð um Heiðurshöll ÍSÍ

Reglugerðin var endurskoðuð í október 2024. Engar ábendingar frá vinnuhópnum þar sem ekkert í reglunum varðar góða stjórnarhætti.

Reglugerð um Íþróttamannanefnd

Reglugerðin er í gagngerri endurskoðun og því ekki forendur til þess að fara yfir reglugerðina eins og hún er núna.

Reglur um keppnisferðir

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við reglugerðina:

- 5. gr. samræmist ekki þeirri framkvæmd sem lög ÍSÍ kveða á um og þarf því að breyta.
- Í 7. gr. kemur fram að reglurnar séu settar svo öllum ferðalöngum sé ljóst hlutverk sitt. Reglugerðin fjallar hins vegar fyrst og fremst um hegðun þátttakenda og þær heimildir





sem fararstjóri og aðrir hafa til þess að taka ákvarðanir í slíkum ferðum. Ekki er fjallað sérstaklega um hlutverk þessara hópa.

- Með tilliti til góðra stjórnarháttar þarf því að fara yfir hana og skýra nánar og tryggja að hún sé í samræmi við lög ÍSÍ.

Úthlutunarreglur ÍSÍ vegna Lottó

Reglurnar eru samþykktar af Íþróttapingi og eru nokkuð skýrar. Vinnuhópur um góða stjórnarhætti gerir ekki athugasemdir við þær.

Siðareglur

Vinnuhópurinn leggur til að siðareglur ÍSÍ verði endurskoðaðar og í þeim komi fram hvernig tilkynna skuli möguleg brot, upplýsingar um málmeðferð og mögulegar afleiðingar brota.

